

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1223  
Komudagur 12.3.2009



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (365. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér greiðsluáðlögun fyrirtækja vegna aðflutnings- og vörugjalda.*

Viðskiptaráð fagnar frumvarpi þessu enda brýn þörf á að koma til móts við fyrirtæki í ljósi yfirstandandi efnahagsþrenginga. Það að ganga lengra og kveða á um að heimilt sé að greiðsludreifa öllum reglubundnum uppgjörstímabilum á árinu gerir fyrirtækjum kleift að haga rekstrinum í samræmi við það og því er sú óvissa sem fólst í greiðsludreifingu einstakra tímabila farin forgörðum – fyrirtækjunum til hagsbóta.

Fullur innskattsréttur, þ.e. heimild til að færa til allan innskatt á vsk-skýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi tímabils þó einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi verið skilað, skiptir jafnframt miklu fyrir fyrirtækin. Án slíkrar heimildar hefði lítt hvati verið fyrir fyrirtæki að nýta sér heimild til greiðsludreifingar aðflutnings- og vörugjalda.

Ráðuneytið á hrós skilið fyrir hröð handtök og vandaða útfærslu þessa frumvarps.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nál fram að ganga sem allra fyrst.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs